

# Siðareglur Einingar-Iðju

Samþykktar af stjórn félagsins 16. ágúst 2011



# Siðareglur Einingar-Iðju

1. Í reglum þessum á „fulltrúi Einingar-Iðju“ við um félagi í stjórnun, nefndun og ráðun félagsins, trúnaðarmenn og starfsfólk – svo og aðra þá sem koma fram fyrir hönd félagsins og gegna tímabundnum trúnaði vegna aðildar sinnar að Einingu-Iðju. Ákvæði siðareglna félagsins eiga við hvort heldur fulltrúi Einingar-Iðju þiggur laun fyrir störf sín eða ekki.
2. Þegar unnið er með persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, í starfsemi Einingar-Iðju eða sjóða á vegum félagsins skal með þær upplýsingar farið skv. lögum um persónuvernd þ.m.t. hvað varðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda þær gegn óleyfilegum aðgangi, ólöglegri eyðileggingu og gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi. Slíkra upplýsinga skal einungis aflað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, þær ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og þess gætt að afla ekki eða óska eftir frekari upplýsingum og gögnum en nauðsynlegt er hverju sinni.

Með vinnslu er t.d. átt við söfnun, skráningu, geymslu, breytingar, leit, miðlun, dreifingu eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækilegar. Ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. um heilsuhagi, skal aflað sérstakra, ótvíræðra og skriflegra yfirlýsinga um heimild til vinnslu þeirra. Þær upplýsingar sem teljast viðkvæmar í skilningi laga og varðað geta félagsmenn og starfsemi stéttarféлага eru:

- Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
- Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað .
- Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að enn sé unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

3. Fulltrúar Einingar-Iðju skulu í störfum sínum fyrir félagið gæta þess að fylgja stefnumálum verkalyðshreyfingarinnar og Einingar-Iðju eftir því sem kostur er og sannfæring þeirra leyfir. Fulltrúar félagsins skulu og vinna að hagsmunamálum félagsmanna Einingar-Iðju í störfum sínum fyrir félagið.
4. Fulltrúi Einingar-Iðju er bundinn af landslögum sem og lögum þeirra félagseiningar sem hann sinnir stjórnarstörfum í, og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála. Honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi. Um hæfi í einstökum málum fer skv. almennum hæfisreglum stjórnsýslulaga.
5. Fulltrúi Einingar-Iðju sem tilnefndur hefur verið til setu í stjórn annarra samtaka eða félaga af Einingu-Iðju skal leitast við að fylgja samþykktum Einingar-Iðju og stefnumálum í störfum sínum í viðeigandi stjórn. Komi í ljós að sannfæring viðkomandi fulltrúa fer ekki saman við stefnumál eða samþykktir félagsins skal viðkomandi gera formanni félagsins grein fyrir afstöðu sinni.
6. Fulltrúum Einingar-Iðju ber að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að látið er af störfum.
7. Fulltrúum félagsins er óheimilt að birta eða dreifa skjölum sem varðveitt eru í vinnuumhverfi starfsfólks og stjórnar - enda sé um ófrágengin vinnuskjöl að ræða. Skjöl sem hafa verið afgreidd af aðalstjórn eða viðeigandi stjórn eða nefnd má ekki birta opinberlega nema með samþykki viðkomandi stjórnar eða nefndar.
8. Fulltrúum Einingar-Iðju er óheimilt að þiggja boðsferðir af fyrirtækjum er Eining-Iðja hefur kjarasamninga við og/eða kaupir vöru eða þjónustu af, innanlands sem utan, hvort sem um er að ræða skemmtiferðir, svo sem veiðiferðir og golfferðir, eða kynnisferðir vegna einstakra fyrirtækja eða viðskiptakosta.
9. Þrátt fyrir ákvæði í grein 8 er fulltrúa Einingar-Iðju heimilt að fara ferðir sem talið er að hafi upplýsingagildi fyrir félagið eða gera þá hæfari til að sinna hlutverki sínu. Í slíkum tilvikum skal metið af yfirmanni eða stjórn eftir atvikum hvort svo sé, **enda greiði félagið sjálft kostnað við ferðina**. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða ferðir sem standa fulltrúa félagsins til

boða á vegum fyrirtækis sem hann starfar hjá og öðrum starfsmönnum stendur einnig til boða, gildir ofangreind regla ekki.

10. Fulltrúum Einingar-Iðju er óheimilt að þiggja eða sækjast eftir gjöfum eða fjármunum frá aðilum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi þeirra fyrir félagið. Undanteknar eru jóla- og afmælisgjafir, sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við félagið.
11. Fulltrúar Einingar-Iðju er hafa áhrif á hvert félagið beinir viðskiptum sínum er óheimilt að hafa milligöngu um viðskipti við aðila er líta má á sem tengdan þeim sjálfum. Með tengdum aðila er átt við fyrirtæki í eigu þeirra sjálfra, maka eða barna og tengdabarna og/eða annarra náinna skyldmenna. Ennfremur eigi viðkomandi fulltrúi hlutafé í fyrirtæki telst það tengdur aðili.
12. Ef einhver sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir félagið á hlut í fyrirtæki eða hefur einhverja hagsmuni af fyrirtæki sem er á samningssviði Einingar-Iðju þá skal sá hinn sami gera formanni félagsins eða skrifstofustjóra grein fyrir því.
13. Fulltrúum Einingar-Iðju sem eru félagar í óskyldum félagasamtökum er óheimilt að beita sér fyrir því að Eining-Iðja veiti viðkomandi félagasamtökum fjárstuðning eða beini viðskiptum sínum sérstaklega til viðkomandi félags. Ákvæði þetta gildir um hvers kyns fjársafnanir og samskot.

**Samþykkt samhljóða á stjórnarfundum Einingar-Iðju 16. ágúst 2011.**